

## Efnisyfirlit

Krókaafلامark / aflamark.....	2
Þorsketaveiðar .....	2
Sameining veiðikerfa .....	3
Veiðigjald .....	4
Aflaívilnun.....	7
Línuívilnun .....	8
Lokun/opnun veiðisvæða .....	9
Tegundatilfærsla .....	10
Rannsóknir .....	10
Öryggismál .....	10
Markaðsmál .....	11
Gjöld .....	11
Samþykktir Landssambands smábátæigenda.....	11
Vigtun afla.....	14
Undanþága á veiðiskyldu í alvarlegum veikindum .....	14
Veðurathugunarstöð .....	14

## 33. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

### Tillögur til allsherjarnefndar frá svæðisfélögum

## Krókaafلامark / aflamark

### Þorsketaveiðar

**Snæfelli** leggur til að leyðar verði þorsketaveiðar á krókaafلامarksbátum.

**Árborg** telur að vegna erfiðleika sem steðja að útgerð krókaafلامarksbáta sé óhjákvæmilegt að auk línu og handfæra verði þeim heimilt að nota þorskanet við veiðar.

**Klettur** telur tímabært að rýmka ákvæði um veiðarfæratakmarkanir sem bátar með krókaafلامarksleyfi sæta.

#### Greinargerð.

Skoða ætti að heimila að einhverju leyti staðbundin veiðarfæri innan kerfisins (net), hvort sem það er gert með sérveiðileyfum eða almennri breytingu á veiðikerfi krókaafلامarksbáta. Slík ráðstöfun yrði til að auka sveigjanleika og bæta afkomu smábátaútgerðar til annarra veiða t.d. með síldar-, skötusels-, grálúðu- og kolanetum.

Auk þess mundi það leiða til bættrar afkomu fyrir útgerð krókabáta að heimila netaveiðar á ufsa og þorski. Einnig myndu möguleikar smábátaútgerðarinnar til að nýta aflaheimildir í ufsa batna við slíka ráðstöfun.

**Reykjavík** lýsir sig mótfallinn netaveiðum krókabáta og sameiningu kerfanna.

**Báran** skorar á stjórnvöld að gefa engan afslátt af sérstöðu krókaafلامarksbáta með að takmarka veiðar þeirra við notkun á línu og handfærum.

Veiðikerfið er þekkt fyrir umhverfisvænleika sem er aðalsmerki bátanna. Eftirspurn eftir afla þessara báta fer stöðugt vaxandi þar sem unnið er á hæstu verðum á hágæða fiski og virðingu fyrir umhverfinu.

**Elding** mótmælir harðlega öllum hugmyndum að leyft verði að veiða krókaflamark í þorskanet, það mun leiða til enn meiri samþjöppunar í kerfinu og bitna harðast á minnstu bátunum þar sem að heimildir þeirra munu skerðast.

**Drangey** hafnar öllum hugmyndum um breytingu á veiðarfæraákvæðum þeim sem í gildi eru innan krókaflamarkskerfisins.

**Félag smábátæigenda á Austurlandi** hafnar öllum hugmyndum um netaveiðar krókabáta. Vill félagið benda á að netaveiðar hafa slæmt orð á sér hjá mörgum kaupendum fisks. Krókabátar hafa ekki stundað netaveiðar og hafa kaupendur afla af þeim getað gengið að því vísu að gæðin séu mikil. Telur félagið að frekar eigi að reyna að auka gæði og vanda meðhöndlun til að gera afla krókabáta enn eftirsóttari og auka sérstöðu fisks veiddum af smábátum.

**Hrollaugur** – mótmælir hugmyndum um netaveiðar krókabáta og sameiningu krókaflamarks við aflamark.

**Krókur** hafnar öllum hugmyndum um frekara afnám takmarkana á veiðarfæranotkun í krókaflamarkskerfinu.

**Skalli** leggst alfarið gegn öllum hugmyndum um breytingar á krókaflamarkskerfinu með því að fella úr gildi veiðarfæratakmarkanir sem í gildi eru.

Krókaflamarksbátar njóta þeirrar óumdeildu sérstöðu að vera eingöngu heimilt að nota línu og er mikið ábyrgðarleysi að hrófla við slíku.

**Farsæll** lýsir andstöðu við hugmyndum um netaveiðar krókaflamarksbáta.

## Sameining veiðikerfa

**Snæfell** leggur til við aðalfund LS að farið verði í að vinna að því öllum árum að krókaflamarkskerfi verði sameinað almennu aflamarkskerfi.

Þegar gengið verði til atkvæða um þetta mál, ættu þeir sem engra hagsmuna hafa að gæta að sitja hjá, þ.e.a.s. strandveiðimenn og þeir sem hafa verulega litlar eða engar krókaafloheimildir.

**Árborg** leggur áherslu á að ekki verði hróflað við stjórnkerfi fiskveiða með sameiningu króka- og aflamarks. Áfram verði tvö veiðikerfi, króka- og aflamark, þar sem óheimilt verði að framselja veiðheimildir krókaaflamarksbáta til skipa á aflamarki.

**Elding** mótmælir harðlega öllum hugmyndum um að sameina krókaaflamarkskerfi við aflamarkskerfi.

**Klettur** leggst gegn sameiningu krókakerfis og aflamarkskerfis.

**Krókur** hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaaflamarkskerfanna.

**Skalli** hvetur markaðsmenn, fiskkaupendur og fiskseljendur að koma að þessu máli og mótmæla öllum hugmyndum um sameiningu veiðikerfa. Skalli bendir á að breytingar af þessu tagi verða til þess að útgerð verður einsleitari og skapi neikvætt orðspor fyrir íslenskan sjávarútveg.

## **Veidigjald**

**Snæfell** leggur til að veittur verði afsláttur af veiðigjaldi þeirra sem eru eingöngu í útgerð án fiskvinnslu.

### Greinargerð.

Einyrkjaútgerð á í vök að verjast og hallar verulega á þá í samkeppni við útgerð með fiskvinnslu.

Snæfell leggur til að veiðigjald verði fært til fyrra horfs þannig að veiðiréttarhafar greiði veiðigjaldið.

Snæfell mótmælir harðlega fyrirhugaðri hækkun veiðigjalda og varar við því að rekstur smábáta verði mun erfiðari en nú er.

**Reykjavík** vill lækkun veiðileyfisgjalda.

Reykjavík vill að veiðileyfisgjöld af leigukvóta séu greidd af þeim sem á kvótann en ekki þeim sem leigir.

Reykjavík vill að þeir sem landa á fiskmarkað fái afslátt af veiðileyfisgjöldum.

**Árborg** krefst þess að veiðigjöld á smábáta verði lækkuð.

**Báran** lýsir stuðningi við ályktun stjórnar LS um breytingar á veiðigjaldi.

Gjaldið verði þrepaskipt. Þeir bátar sem fá úthlutað minna en 50 tonnum greiði fjórðung af veiðigjaldi. Gjaldið hækki með auknum heimildum og þau fyrirtæki sem hafi þúsundir tonna í heimildir greiði álag á veiðigjald.

**Elding** mótmælir álagningu veiðigjalda eins og þau eru lögð á í dag. Það er ekki eðlilegt að notaðar séu tveggja ára tölur við útreikninga á gjaldinu.

Inn í útreikningana er sett í einn pott afkoma landvinnslu, frystitogara, uppsjávarskipa, ísfisktogara, báta og smábáta. Það er krafa Eldingar að afkoma smábáta verði reiknuð sér. Það getur ekki talist eðlilegt, eins og staðan er í dag, með mjög lágu fiskverði, sem ætti að koma landvinnslunni vel að þá hækki veiðigjald á smábáta.

Í þessari gjaldtöku sannast alveg kristaltært að „það á að hengja bakara fyrir smíð“.

Elding krefst þess að hluti veiðigjaldanna verði eftir í þeirri höfn sem að fiskinum er landað.

**Félag smábátæigenda á Austurlandi** mótmælir hækkun veiðigjalda og telur að útreikningur veiðigjalda sé ekki framkvæmdur á réttan hátt. Styður félagið tillögu stjórnarfundar LS frá 28. júlí 2017 um útreikning veiðigjalda.

*„Stjórn LS skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að beita sér nú þegar fyrir breytingu á lögum um veiðigjald.“*

#### **Greinargerð.**

*1. september næstkomandi hækkar veiðigjald helstu tegunda um tugi prósentu. Þorskur og ýsa slá þar öll met, þorskurinn hækkar um 107% og ýsan um 127%.*

*Stjórn LS vekur athygli á skyldu sjávarútvegsráðherra að standa vörð um stöðu sjávarútvegsins þar sem markmiðið er að efla hann og greinin verði áfram sú sterka stoð sem þjóðin hefur getað treyst á sem höfuðatvinnuveg landsins.*

*Sjá mátti fyrir hina gríðarlegu hækkun sem greinin hefði mætt af æðruleysi hefðu rekstrarskilyrði verið þau sömu og á árinu 2015, sem er viðmiðunarár gjaldsins. Það er hins vegar ekki á vísan að róa á því*



*sviði þegar við náttúrulegar sveiflur í veiðistofnum bætist við sterkt gengi krónunnar og tugaprósenta lækkun fiskverðs. Útgerð smábáta stendur í þeim sporum að verði engar breytingar gerðar á gjaldinu mun fjöldi útgerða ekki hafa forsendur til að hefja veiðar 1. september nk.*

*Stjórn LS skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að beita sér nú þegar fyrir breytingu á lögum um veiðigjald. Hæg eru heimatökin þar sem alþingismenn í öllum flokkum og hagsmunasamtök hafa sagt hækkunina koma sér einkar illa fyrir „litlar og meðalstórar útgerðir“. Verði ekkert að gert munu skilyrðin auk rekstrarstöðvunar leiða til áframhaldandi samþjöppunar veiðiheimilda og fábreyttari útgerðarflóru.*

*LS hafnar þeim málf lutningi að aðilar hafi átt að sjá þetta fyrir og leggja til hliðar. Smábátæigendur glíma enn við gríðarlega háa greiðslubyrði lána vegna afleiðinga Hrungsins. Öll endurnýjun hefur því setið á hakanum fyrir skuldbindingum. Auk veiðigjaldsins kemur hrún fiskverðs af fullum punga á þessa viðkvæmu útgerð og ekkert lát á smánarlegri hækkun á veiðiheimildum í þorski.*

*LS ítrekar fyrri samþykktir um að veiðigjald verði innheimt af handhöfum aflahlutdeilda eins og upphaflega var gert, en ekki þeim sem veiða, og ákvæði um afslátt vegna vaxtaberandi skulda verði framlengt. Bæði atriðin skipta smábátæigendur miklu máli.*

*Auk þessara þátta er rétt að velta fyrir sér fleiri atriðum sem snerta veiðigjald. Í dag er sá háttur hafður á að allir sem greiða veiðigjald fá 20% afslátt af reikningi að upphæð 4,5 milljónir og 15% afslátt af sömu upphæð umfram það. Til að gæta sanngirniss milli smábátæigenda og stærri útgerða leggur LS hér til annað fyrirkomulag sem felst í að veiðigjald verði þrepaskipt. Útfærslan yrði á þá leið að þeir sem hafa minna en 50 tonn í varanlegum þorskígildum greiði fjórðung af fullu gjaldi. Hlutfallið hækki svo með heimildum sem eru umfram ákveðin þrep upp að 2.000 þorskígildum. Fyrir heimildir umfram það magn bæri að greiða álag á veiðigjald þannig að gjaldið skili sömu tekjum og gert er ráð fyrir. Með breytingunni mundi draga stórlega úr samþjöppun, samkeppnisforskot sem stærstu útgerðirnar hafa á þær minni mundi minnka og síðast en ekki síst að aðferðin væri leið til sanngjarnari gjaldtöku.“*

**Hrollaugur** villa ð veiðigjöld (auðlindaskattur) verði eingöngu lögð á handhafa aflaheimilda en ekki leigjendur aflaheimilda.

Að veiðigjöld verði afnumin undir 50 lönduðum tonnum á fiskmarkað.

**Klettur** mótmælir þeim miklu álögum og gjöldum sem smábátáutgerð sætir, svo sem í formi veiðigjalda og alls kyns eftirlits og þjónustukostnaðar. Stóraukinn kostnaður síðustu ára, ásamt óskilvirku regluverki, hefur rýrt rekstrarhæfi margra útgerða og eru þessi gjöld orðin útgerðum mjög íþyngjandi.

Klettur styður ályktun stjórnar LS um veiðigjöld.

Klettur krefst þess að veiðigjöld verði lækkuð. Einnig að gerð verði breyting á innheimtu þeirra á þá leið að innheimt sé fyrir úthlutun aflamarks en ekki veiddan afla.

**Krókur** leggur til að greiðsla veiðigjalds verði færð til fyrra horfs, þ.e. að handhafar veiðiheimilda greiði veiðigjöld.

Krókur leggur til að smærri útgerðir án vinnslu, sem landa á markað, fái verulegan afslátt af veiðigjöldum.

**Reykjanes** skorar á stjórnvöld að útgerðir smábáta sem landa á fiskmarkaði fái afslátt af veiðigjaldi.

**Skalli** mótmælir harðlega hækkun veiðigjalda enda úr öllum takti við afkomu smábátaútgerðar á þessu ári.

Skalli skorar á stjórnvöld að breyta fyrirkomulagi við innheimtu veiðigjalda að kvótæigendur séu greiðendur en ekki þeir sem leigja kvótann til sín.

Skalli mótmælir mjög íþyngjandi álögum ríkis og sveitarfélaga. Upphæð gjaldanna er komin yfir þolmörk. Skorað er á viðkomandi að endurskoða gjaldskrána þar sem tekið verði mið af erfiðleikum þessa útgerðarhóps í kjölfar lágs fiskverðs og margföldunar á veiðigjaldi.

**Sæljón** mótmælir harðlega álögðu veiðigjaldi og krefst þess að það verði endurskoðað.

Greinargerð. Veiðigjaldið er skattlagning og skattlagning verður að vera réttlæt看leg, svo sá sem hana greiðir láti sig hafa það, þó súrt sé. Forsendur fyrir útreikningi eru rangar og þess vegna þarf ekki að spyrja um útkomuna.

**Strandir** mótmælir harðlega hækkun veiðigjalda enda úr öllum takti við afkomu smábátaútgerðar á þessu ári.

**Farsæll** - veiðigjald á smábáta sem selja afla á fiskmarkað verði lækkað.

## Aflaívilnun

**Snæfell** leggur til að tekin verði upp aflaívilnun til þeirra sem landa á fiskmarkað.

Greinargerð.

Yrði það til styrkingar á fiskmörkuðum og myndi einnig styrkja einyrkjaútgerð.



**Félag smábátæigenda á Austurlandi** vill að handfærabátar njóti ívilnunar. Handfæri eru með allra vistvænustu veiðarfærum sem fyrirfinnast, mjög lítil olíunotkun á veitt kíló, engin áhrif á botn og önnur botn- og sjávardýr. Fiskur veiddur á handfæri hefur alla möguleika til að vera úrvals hráefni með réttri meðhöndlun.

## Línuívilnun

**Snæfell** samþykkir tillögu um að LS beiti sér fyrir að línuívilnun verði 30% í stað 20% sem nú er.

**Elding** vill að staðinn sé vörður um línuívilnun.

**Árborg** beinir því til aðalfundar LS að lögum um línuívilnun verði breytt á þann veg að allir línubátar undir 30 tonnum, sem stunda dagróðra, eigi rétt á línuívilnun óháð því hvernig línan er beitt.

Línuívilnun komi aðeins á fyrstu 4.000 þorskígildin í hverjum róðri, þannig sé stuðlað að hófsamari sókn og bættri meðferð afla.

Þung áhersla verði lögð á að vinna þessu máli framgang.

### Greinargerð.

Í nútíma þjóðfélagi þykir sjálfsagt að nýta alla þá tækni sem völ er á til þess að létta sér störf og auka gæði afla, gera veiðarnar umhverfisvænni og arðbærari. Við línuveiðar dagróðrabáta eru notaðar þrjár aðferðir við að beita línuna, handbeitning, beitning með trekt og beitningarvél. Það er mat Árborgar að engu skipti hvaða aðferð er notuð, allar uppfylli framangreint og ívilnun eigi rétt á sér í öllum tilvikum.

Óumdeilt er að línuveiðar eru umhverfisvænar og skila okkur framúrskarandi hráefni sem er eftirsótt af kröfuhörðustu kaupendum sjávarfangs um allan heim.

**Félag smábátæigenda á Austurlandi** styður að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta innan við 30 brl.

Vill félagið að fiskur veiddur á línu af dagróðrabátum innan við 30 brl. njóti ívilnunar. Línuveiðar eru umhverfisvænar í samanburði við margar aðrar veiðiaðferðir. Óumdeilt er að olíunotkun er minni en á dregnum veiðarfærum og áhrif á sjávarbotninn eru lítil og áhrif línunnar á önnur sjávardýr eru engin, þ.e.a.s. enginn meðafli sjávarspendýra.



**Klettur** ítrekar fyrri ályktanir um að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta undir 30 tonnum. Ívilnun verði sú sama á alla línubáta og komi á fyrstu 4.000 þorskígildin.

**Krókur** leggur til að fyrirkomulag línuívilnunar verði óbreytt.

## Lokun/opnun veiðisvæða

**Snæfell** telur að reglugerðarhólf eigi að opna tafarlaust og að ráðuneytið hlusti betur á heimamenn í sambandi við lokanir.

Reglugerðarhólf verði ekki sett á handfæraveiðar heldur verði þeir bátar, sem uppvísir eru að veiðum á smáfiski sviptir veiðileyfi.

Snæfell leggur til að hrygningarstoppi við Faxaflóa og Breiðafjörð ljúki 11. apríl ár hvert.

**Drangey** leggst alfarið gegn því að opnað verði fyrir dragnótaveiðar á Skagafirði innan núverandi marka. Þá verði um varanlega lokun að ræða.

**Klettur** styður tillögu Snæfells um reglugerðarhólf á handfæraveiðum.

Klettur skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðarlokana þannig að reglugerð sem felur í sér lokun hólfa vegna smáfisks á handfæri og línu falli úr gildi eigi síðar en sex mánuðum eftir að þau hafa verið ákveðin.

**Reykjanes** skorar á Hafrannsóknastofnun að mæla með að lokun við Reykjanes frá 15. október til 1. maí verði varanleg.

Reykjanes skorar á Hafrannsóknastofnun að banna allar veiðar á loðnu meðan hrygning fer fram. Loðnustofninn er í mikilli lægð og allt þarf að gera til að auka líkur á að nýliðun takist.

**Strandir** mótmælir harðlega reglugerðarlokunum veiðisvæða og krefst þess að lokanir standi aldrei lengur en sex mánuði.

Strandir krefjast þess að sjávarútvegsráðherra nemi úr gildi reglugerð nr. 970 frá 13. desember 2010 um bann við línuveiðum á Húnaflóa.

Greinargerð.

Reglugerðin tekur yfir mjög stórt veiðisvæði í vestanverðum Húnaflóa, sem er mikilvæg veiðislóð fyrir smábáta við flóann. Reglugerðarlokunin er því mjög íþyngjandi fyrir útgerðir við Húnaflóa.

**Farsæll** hvetur til að bannsvæði innan Vestmannaeyja verði opnað fyrir handfæraveiðum.

## Tegundatilfærsla

**Snæfell** ályktar að LS beiti sér fyrir að tegundafærslur verði færðar til fyrra horfs, þ.e. að menn (bátar) megi nota allt að 2% af hverri tegund til tegundabreytinga, þó að hámarki 5% eins og það var.

### Greinargerð.

Rökin fyrir þessu eru að menn sjái sér hag í að láta ufsa detta niður dauðann, sem er þvert á tilgang fiskveiðilaganna frá 2010. Til að útskýra málið þá eru menn að fara svokallaða öfuga tilfærslu með því að láta ufsa detta niður dauðann og fá aukningu í öðrum aukategundum í staðinn. Það var ekki tilgangur umræddra laga.

## Rannsóknir

**Snæfell** skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum og hvaða áhrif það hafi á lífríki Breiðafjarðar.

## Öryggismál

**Snæfell** telur brýnt að efla þurfi öryggismál sjómanna.

Snæfell skorar á Samgöngustofu að nöfn báta séu rétt skráð á AIS. Ella fái þeir bátar ekki haffærisskírteini.

**Skalli** skorar á félagsmenn LS að fylgja fast eftir að nöfn báta séu rétt skráð í AIS kerfi.

**Strandir** skorar á Samgöngustofu að fylgja fast eftir að nöfn báta séu rétt skráð í AIS kerfi.

**Hrollaugur** telur að samræma eigi löndunarkrana smábáta og hafnarmannvirki í reglugerð.

Hvergi stendur í reglum neitt um löndunarkrana, hvernig uppsetningu þeirra skuli háttað, né hvernig bryggjuaðstaða á að vera í kringum löndunarkrana smábáta.

Það að þetta skuli ekki vera í reglugerð þýðir bara það að menn sleppa því að hafa

aðstöðuna fullnægjandi og sumstaðar er hún jafnvel stórhættuleg, gott dæmi - engir stigar við löndunarkrana!

Hrollaugur - farsíma- og útvarpssamband á Lónsbugt (frá Stokksnesi austur fyrir Hvalnes).

Staðan hefur ekkert breyst frá því í fyrra og útvarp og sími nást varla á þessu svæði.

**Klettur** skorar á stjórnvöld að tryggja að langdrægni AIS kerfisins sé með þeim hætti að það nái yfir þekktar veiðislóðir smábáta til að tryggja sem best öryggi þeirra.

## Markaðsmál

**Snæfell** skorar á sjávarútvegsráðherra að reyna með öllum ráðum að opna fyrir viðskipti við Rússland hið fyrsta.

## Gjöld

**Drangey** mótmælir háum skoðanagjöldum á smábátum og íþyngjandi álögum ríkis og sveitarfélaga. Skorað er á viðkomandi að endurskoða gjaldskrár sínar þar sem tekið verði mið af erfiðleikum þessa útgerðarhóps í kjölfar lágs fiskverðs og margföldunar á veiðigjaldi.

**Strandir** mótmælir háum skoðunargjöldum og mjög íþyngjandi álögum ríkis og sveitarfélaga. Upphæð gjaldanna er komin yfir þolmörk. Skorað er á viðkomandi að endurskoða gjaldskrána þar sem tekið verði mið af erfiðleikum þessa útgerðarhóps í kjölfar lágs fiskverðs og margföldunar á veiðigjaldi.

## Samþykktir Landssambands smábátæigenda

**Drangey**, aðalfundur LS verði haldinn annað hvert ár, þess í stað verði haldinn formannafundur hitt árið.

**Hrollaugur** - úrsagnarfræstur úr LS verði 3 mánuðir en ekki frá 6-18 mánuðir eins og segir í 5. gr. samþykktá félagsins sem hljómar svona:

„Komi til þess að félagi ákveði að segja sig úr LS skal úrsögnin vera skrifleg og undirrituð af stjórnendum félagsins. Úrsögnin miðast við áramót með minnst 6 mánaða fyrirvara.“

Í stað þess að félagar LS hafi allt að eins og hálfis árs úrsagnarfræstur og niður í minnst 6 mánaða úrsagnarfræstur til þess að hætta í félaginu verði úrsagnarfræstur 3 mánuðir og taki gildi nákvæmlega 3 mánuðum eftir að úrsögn er tilkynnt og ekki verði miðað við nein áramót.

Enginn hagur er fyrir sérhvern félagsmann að þurfa eins langan fyrirvara og nú er til þess að hætta í félaginu kjósi hann það og telji hag sínum betur borgið utan þess en innan.

**Aðhaldsnefnd stjórnar LS** 11. gr. fjallar um hverjir eigi rétt til að sækja aðalfund LS.

1. töluliður orðast svo: „36 kjörnir fulltrúar svæðisfélaga, skipt í hlutfalli við fjölda báta í eigu aðila innan hvers svæðisfélags og greitt hefur verið félagsgjald næstliðins árs.“

Tillaga að 1. töluliður 11. gr. orðist svo:

*26 kjörnir fulltrúar svæðisfélaga. Hvert svæðisfélag hefur að lágmarki rétt á 1 fulltrúa. Auk þeirra koma 10 fulltrúar frá níu fjölmennustu félögum þar sem stærsta félagið fær 2 fulltrúa en hin 1 hvert. Skipting fulltrúa skal vera í hlutfalli við fjölda báta í eigu aðila innan hvers svæðisfélags og greitt hefur verið félagsgjald næstliðins árs.*

13. gr. fjallar í 8 töluliðum um hvað skal tekið fyrir á aðalfundi. 3. töluliður orðast svo:

„Kosning 16 manna stjórnar að fengnum tillögum frá hverju svæðisfélagi.“

Tillaga að 3. töluliður 13. gr. orðist svo:

*Kosning 6 manna stjórnar að fengnum tillögum frá hverri eftirtalinna svæðisfélaga einingu:*

- 1. Bóran, Smábátafélag Reykjavíkur, Sæljón*
- 2. Reykjanes, Árborg, Farsæll*
- 3. Fontur, Félag smábátæigenda á Austurlandi, Hrollaugur*
- 4. Klettur, Skalli, Drangey*
- 5. Strandir, Elding*
- 6. Krókur, Snæfell.*

15. gr. fjallar um stjórn LS og fulltrúafjölda svæðisfélaganna. Greinin orðast svo:

„Stjórn LS skal skipuð 17 mönnum. Stjórnin skipti með sér verkum, að öðru leyti en getur um í 13. grein. Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda, það er um það bil eitt ár.

Fyrir hvern aðalfund LS skal endurskoða fulltrúafjölda svæðisfélaganna, sem tekur mið af fjölda báta sem greitt hefur verið félagsgjald fyrir næstliðið almanaksár. Þrátt fyrir framangreint skulu öll svæðisfélög LS hafa að lágmarki 1 fulltrúa á aðalfundi.“

Tillaga að 15. gr. orðist svo:

*Stjórn LS skal skipuð 7 mönnum. Stjórnin skipti með sér verkum, að öðru leyti en getur um í 13. grein. Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda, það er um það bil eitt ár.*

*Fyrir hvern aðalfund LS skal endurskoða fulltrúafjölda svæðisfélaganna, sem tekur mið af fjölda báta sem greitt hefur verið félagsgjald fyrir næstliðið almanaksár.*

-----

#### Greinargerð.

Á fundi stjórnar LS þann 28. júlí 2017 var lagt fram bráðabirgðauppgjör um rekstur félagsins. Samkvæmt því er ljóst að tekjur eru að dragast saman og standa ekki lengur undir rekstri. Stjórnin ákvað í kjölfarið að setja á laggirnar aðhaldsnefnd sem gert er að koma með tillögum til stjórnar sem ætlað er að snúa þessari þróun við. Ein þeirra tillagna, sem nefndin hefur fengið samþykki stjórnar, lítur að samþykktum LS sem tilgreindar eru hér að framan.

Tillögurnar gera ráð fyrir að stjórnarmönnum verði fækkað úr 17 í 7 og fulltrúum svæðisfélaga á aðalfundi úr 36 í 26. Með breytingunni er gert ráð fyrir að kostnaður við aðalfund og stjórnarfundi muni lækka um 2 milljónir miðað við árið 2016. Það ár nam kostnaður LS við þessa liði 3,4 milljónum.

Tillaga um fækkun í stjórn kallar á aukið samstarf milli svæðisfélaga LS. Gert er ráð fyrir að félögin leggi í sameiningu fram tillögu til aðalfundar um fulltrúa þeirra í stjórn LS.

Í undirbúningi að tillögum þessum var ekki full eining stjórnarinnar um þær. Góður meirihluti sem þátt tók var þó sammála þeim. Tillögurnar eru sendar út með aðalfundarboði til svæðisfélaganna þannig að tryggt sé að þær fái umræðu þar og að þær séu kynntar eins og samþykktir LS segja til um.

Þorvaldur Gunnlaugsson formaður Smábátafélags Reykjavíkur

Rögnvaldur Einarsson fulltrúi Sæljóns í stjórn LS

Þorlákur Halldórsson formaður Reykjaness

## Vigtun afla

**Félag smábátæigenda á Austurlandi** leggur til að allar undanþágur til heimavigtunar á bolfiski verði felldar úr gildi og allur afli verði endanlega vigtaður í þeirri höfn sem honum er landað í.

## Undanþága á veiðiskyldu í alvarlegum veikindum

**Sæljón** beinir því til Landsambands smábátæigenda að félagið óski eftir því að sjávarútvegsráðherra fái heimildir til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.

## Veðurathugunarstöð

**Farsæll** hvetur LS til að beita sér fyrir því að sett verði upp sjálfvirk veðurathugunarstöð á Reynisfjalli eða Dyrhólaey.